

Örlög Abrahams og moðreykur um Múhammedstrú. Um að deila og drottna

Það voru ekki bara Rómverjar, sem deildu og drottnuðu. Það hafa trúlega öll stórveldi gert og allir, sem sóst hafa eftir yfirráðum í veröldinni. Það á einnig við um þessar mundir.

Árangursríkast er að hræða, hrella og smána, skapa staðalmyndir óvina. Það getur t.d. átt við fólk af öðrum kynþáttum eða jafnvel þá, sem þráast við skaðræðisbóluefnum. Hræðslan gerir okkur auðsveip gagnvart yfirvaldinu og lokar fyrir rökrásina í heilabúinu.

Þessu hljóta allir að hafa gefið gaum í veirufaraldrinum. Grundvallaraðferðin er sú sama á öllum sviðum. Líka í svokölluðu stríði menningarheima.

Stríð menningarheima boðaði bandaríski stjórnmálafræðingurinn, Samuel Philips Huntington (1927-2008), í bók sinni „Átökum menningarheimanna og endursköpun veraldarinnar“ (Clash of Civilizations and the Remaking of World Order), þegar Ráðstjórnarríkin liðu undir lok. Menning Múhamedstrúarmanna yrði vestrænni menningu skeinuhætt, fullyrti hann.

Það sama boðaði bresk-bandaríski sagnfræðingurinn, Bernard Lewis (1916-2018). Menningu Múhamedstrúarmanna taldi hann skör lægra setta en menningu Vesturlanda. Bernard var ráðgjafi nýihaldsstjórna (neo-conservative) í Bandaríkjunum, enda studdi hann heils hugar stríðið gegn Írökum.

Fordómar Bernard lifa góðu lífi. Það er ósjaldan kölluð byrði hvíta mannsins að koma vitinu fyrir íbúa handan aldingarðs Evrópu eins og utanríkismálastjóri Evrópusambandsins, tók til orða.

Þörf Alþjóðaaauðvaldsins fyrir völd og auðlindir hefur hvergi nærri verið fullnægt. Enn er seilst. Því ríður á að blekkja almúgann á Vesturlöndum, svo berja megi hann til hlýðni við árásir í austurveg. Kommagrýlan dugar enn vel gegn Rússum. Múhammedstrúargrýlan hefur verið í mótun, áhrifamest síðasta aldarfjórðung eða svo.

Trúarbrögð og menning Múhammedstrúarmanna koma því í brennidepil eins og þegar Írökum var att út í stríð við Írana með ógnarlegu mannfalli á báða bóga. Þá var það Sía gegn Sunni. Áður, þ.e. þegar Mohammad Reza Pahlavi (1919-1980), var steipt af stóli, beittu þeir trúarleiðtoganum, Ruhollah Musavi Khomeini (1900/1902-1989).

Þegar Bretar og Bandaríkjamenn lyftu Mohammad upp í hásetið, var lýðræðislega kjörinn forseti Írana, Mohammad Mosaddegh (1882-1967), fjarlægður. Hann gerðist svo ósvífinn að þjóðnýta olíu Írana.

Að mörgu leyfi lýsa afskipti Vesturlanda af Íran hátterni þeirra annars staðar í Vestur-Asíu og fyrir botni Miðjarðarhafs. Þessi afskipti helgast af sókn í auðlindir, en ekki hætis hót um trúarbrögð og frelsun kvenna eins og iðulega er haldið fram.

Stofnun Ísraelsríkis átti sér stað í samvinnu Evrópuþjóða, einkum Breta. Hugsunin var að stofna bælistöð eða herstöð, framvörð vestrænna auðjöfra og stjórnvalda þeirra til að tryggja yfirráð yfir auðlindunum, sérstaklega þó olíu.

Vestræn ríki mótuðu Miðausturlönd og lögðu grundvöllinn að því ósætti, sem þar ríkir. Þau deildu og drottnuðu. En nú eru líkur á, að þau verði rekin heim til sín og Ísrael líði undir lok.

Réttlættingarhugmyndafræðin fyrir stofnun Ísraelsríkis var sótt til evrópskra Sionista og heittrúaðra Kristmanna í Bandaríkjunum, sem lagt höfðu rækt við arf evrópsku Pílagrímana. Þeir sigldu yfir hafið og stofnuðu nýlendu í Massachusetts í upphafi sautjándu aldar. Yfirgangur afkomenda þeirra og dráp á frumbyggjum Ameríku töldu þeir „sjálfgefin forlög“ (manifest destiny) sín. Herskáir Bandaríkjamenn eru enn haldnir þessari grillu gagnvart öllum, sem eru þeim vanþóknlegir.

Það vill svo til, að stofnandi Bush ættarveldisins, guðfræðingurinn, George Bush (1796-1859), var einn hugmyndafræðilaukanna. Hann skrifað bókina, „Hugsjónadalinn eða endurlífgun Ísraelsmanna“ (The Valley of Vision or the Dry Bones of Israel revived), sem kom út árið 1844.

Eins og sumir kunna skil á, sameinuðust ofsatrúarmenn Gyðinga og Kristmanna um þá túlkun Ritningarinnar, að Guð hafi gefið Ísraelsmönnum Stór-Ísrael og stuðla bæri að Ragnarökum, svo Messías mætti snúa aftur – og endurbyggja betur (build back

better), alveg eins og vakir fyrir Alþjóðaaauðvaldinu í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum).

Sé litið til fyrrgreindra áætlana stendur nú yfir „nauðsynlegt“ menningarstríð gegn þjóðum, sem viðurkenna Múhammed sem spámann sinn. Um er að ræða um 50 lönd. Ekkert þeirra hefur þó lýst yfir stríði á hendur Bandaríkjamönnum eða Evrópubúum. Ei heldur stofnað bandalag til höfuðs þeim, nema síður sé.

Meira að segja Íranar rétta út sáttahönd, þrátt fyrir, að Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar, hafi – eins og bent var á - vaðið um Miðausturlönd á skítugum skónum og egnt trúfloknum, ættbálkum og þjóðum gegn hver annarri. Þeir eru iðnir við þann kolann.

Árásirnar á tvíburaturnana í Nýju Jórvík var átyllan til stríðsins. Það er gömul brella að skapa átyllur til að réttlæta eigin stríð. Í kjölfar árásarinnar var efnt til svokallaðs „Stríðs gegn hryðjuverkum,“ þ.e. gegn ríkjum Múhammedstrúarmanna. Írak varð fyrsta fórnarlambið. En stríðsáætlunin náði/nær einnig til Afganistan, Jemen, Sírlands, Palestínu og Írans.

Á slóðum Írakans, Abrahams, ættföður Ísraelsmanna, stendur sem sé yfir stríð gegn „hryðjuverkþjóðunum;“ Palestínumönnum, Jemenum og Líbönum. Stríðsmenn Jahve fara þar fremstir í flokki. Bandaríkjamenn og Bretar (Nató) bíða átekta, en styðja þá dyggilega með vopnum og fjármunum, auk þess að verja þá á alþjóðavettvangi.

Það hefur lækkað rostinn í Vesturveldunum, eftir að tátíljustríðsmennirnir í Jemen sendu þeim ofurhraðadrápsflaug um daginn. Loftvarnakerfið (Iron Dome) klikkaði.

Mossad, ísraelska leyniþjónustan, gæti reynt að senda Jemenum símboðasprengrur eins og Líbönum. Þeir kunna þessum sprengjum Ísraelsmanna illa. Láí þeim, hver sem vill.

https://julianmacfarlane.substack.com/p/the-me-connecting-dots?utm_source=post-email-title&publication_id=837411&post_id=149044808&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://www.kitklarenberg.com/p/british-support-for-iran-revolution?utm_source=post-email-

[title&publication_id=552010&post_id=149095964&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://www.youtube.com/watch?v=pT_moiU2WCU)

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. I: Inngangur og trúarbrögð

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300151/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. II: Fjölskyldan og samskipti kynjanna

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300160/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. III: Menning og vísindi

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300186/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. IV: Landvinningar, stjórn-mál og heimsveldi

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300250/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. V: Bræðralag múslima og íslamskrar baráttuhreyfingar

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300254/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. VI: Tvöfeldni Ísraels- og Bandaríkjamanna

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300291/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. VII: Hagsmunagæsla og Ný öld Bandaríkjanna

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300307/>

Moðreykur um Múhammeðstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. VIII: Átylluárásir, stríð og hryðjuverk

<https://arnarsverrisson.blog.is/blog/arnarsverrisson/entry/2300369/>

https://www.youtube.com/watch?v=pT_moiU2WCU

https://chrishedges.substack.com/p/the-systemic-roots-of-western-islamophobia?utm_source=post-email-

[title&publication_id=778851&post_id=149064252&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://www.substack.com/p/israels-crime-americas-shame?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=149064252&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

Viðbót:

https://julianmacfarlane.substack.com/p/israels-crime-americas-shame?utm_source=post-email-title&publication_id=837411&post_id=149096001&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=103ae5&triedRedirect=true&utm_medium=email